

Fundargerð

Símafundur var haldinn í skipulags- og bygginganefnd Tjörneshrepps fimmtudaginn 13. ágúst 2020.
Þátttakendur: Katý Bjarnadóttir, Mary Anna Guðmundsdóttir og Steinþór Heiðarsson.

1. Umsókn um leyfi til að stofna lóð:
Smári Kárason óskar eftir leyfi til að stofna 0,4 ha lóð í landi Breiðuvíkur, skammt norðvestur af íbúðarhúsi sínu. Umsókninni fylgir hnitsettur uppdráttur í kvarðanum 1:2000, gerður 17. júlí sl. af RML. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt.
2. Umsókn um byggingaleyfi.
Valur Smárason óskar eftir leyfi til að reisa íbúðarhús á lóð þeirri sem fjallað var um í 1. dagskrárlið. Umsókninni fylgir leigusamningur fyrir lóðina þar sem Smári Kárason er leigusali en Valur Smárason leigutaki. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að byggingaráformin verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði heimilað að gefa út byggingaleyfi þegar fullnægjandi gögnum þar að lútandi hefur verið skilað inn af umsækjanda.

Katý Bjarnadóttir

Mary Anna Guðmundsdóttir

Steinþór Heiðarsson